

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 482,00

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 454, 2. október 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	5,58 kr/kWh
1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	6,94 kr/kWh
1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:	
Aflgjald	7 487,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 110,00 kr/kW/ár
Gjald alls	15 597,00 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
Orkugjald	4,52 kr/kWh
2.2 Til notkunar í sumarústöðum og sumarbúðum.	
Orkugjald	4,52 kr/kWh
Lágmarksgjald miðað við 1000 kWh notkun á ári	4 520,00 kr/ár

3. Vélar o. fl.

3.1 Til véla o.fl.	
Orkugjald	5,58 kr/kWh
Heimilt er að selja raforku til lýsingar í fyrirtækjum eftir þessum gjaldskrárlíð.	
3.2 Til véla og annarrar notkunar í fyrirtækjum eða stofnunum, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskyld afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
Orkugjald	1,59 kr/kWh
Aflgjald	5 627,00 kr/kW/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	3,66 kr/kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.	
Orkugjald	1,35 kr/kWh
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	3,91 kr/kWh
4.4 Til bökunarfna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.	
Orkugjald	0,91 kr/kWh
4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.	
Orkugjald næturtaxti 9 stundir	1,19 kr/kWh
Orkugjald dagtaxti 15 stundir	6,55 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði:

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	1 155,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa	1 733,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	2 310,00 kr/ár
Aflmælir	2 890,00 kr/ár
Aflmælir með straumspennum	3 339,00 kr/ár
Tvígjaldsmælir	2 888,00 kr/ár
Klukkan	404,00 kr/ár

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína/stólpi (kr)
1 × 63	28 255,00	920,00	7 530,00
3 × 63	30 538,00	920,00	13 007,00
3 × 100	38 075,00	1 413,00	16 520,00
3 × 200	95 960,00	2 326,00	
3 × 315	152 145,00	2 717,00	
3 × 400	194 528,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	345 587,00	—	
3 × 1200	581 411,00	—	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir nýju heimtauginu að frádrögnum hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveimur árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 1 000,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, enda hafi tilkynning um breytingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 380,00.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3 viðhaldsgjald og liðum 4.1, 4.2 og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 20. febrúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 218, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar:

Orkugjald kr. 5,23 kWh

1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:

Orkugjald kr. 6,51 kWh

1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:

Aflgjald kr. 7 487,00 kW/ár

Viðhaldsgjald kr. 8 110,00 kW/ár

Gjald alls kr. 15 597,00 kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofn-
kostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum:

Orkugjald kr. 4,20 kWh

2.2 Til notkunar í sumarústöðum og sumarbúðum:

Orkugjald kr. 4,20 kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskytt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili:

Orkugjald kr. 1,59 kWh

Aflgjald kr. 5 665,00 kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald kr. 3,66 kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.

Orkugjald kr. 1,35 kWh